



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: *Breytingar á reglum fyrir sameiginlega akstursþjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu nr. 645/2020 og ný gjaldskrá Reykjavíkurborgar fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks*

Forsaga:

Lagðar eru til breytingar á reglum fyrir sameiginlega akstursþjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu nr. 645/2020 ásamt nýrri gjaldskrá fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks í kjölfar álitis umboðsmanns Alþingis í máli nr. 11617/2022. Í álitinu komst umboðsmaður Alþingis að þeirri niðurstöðu að í gjaldskrá Reykjavíkurborgar fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks hefði ekki verið tryggt með fullnægjandi hætti að gjald fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks væri sambærilegt gjaldi fyrir almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu í skilningi gjaldtökuheimildarinnar, sbr. lokamálslið 3. mgr. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Úrskurður úrskurðarnefndar velferðarmála í mál nr. 327/2021 var því ekki í samræmi við lög og beindi umboðsmaður Alþingis þeim tilmælum til nefndarinnar að taka málið fyrir að nýju. Með úrskurði úrskurðarnefndar velferðarmála í enduruppteknu máli nr. 327/2021, dags. 11. október 2023, var ákvörðun Reykjavíkurborgar, dags. 23. júní 2021, um að synja umsókn, um tímabilskort vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks, felld úr gildi og málinu vísað til nýrrar meðferðar sveitarfélagsins.

Á fundi velferðarráðs þann 7. júní 2023 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra um framangreint álit, ásamt fylgiskjölum, og lagði velferðarráð fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð tekur undir með skrifstofu málefna fatlaðs fólks á velferðarsviði sem telur æskilegt að gjaldskrár vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks verði endurskoðaðar. Velferðarráð felur sviðstjóra að hefja þá vinnu og leggja tillögur að þeirri vinnu lokinni fyrir ráðið.

Með bréfi samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til borgarstjóra, dags. 24. apríl 2024, var óskað eftir því að tillögur að breytingum á reglum fyrir sameiginlega akstursþjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu nr. 645/2020 og tillögur að uppfærðri gjaldskrá akstursþjónustu fatlaðs fólks yrðu teknar til efnislegrar umræðu, afgreiðslu og staðfestingar. Þá var farið fram á ótakmarkað umboð framkvæmdastjóra til undirritunar nýrrar útgáfu sameiginlegra reglna um akstursþjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu að teknu tilliti til tillagðra breytinga og nýrrar gjaldskrár. Skrifstofa borgarstjórnar óskaði eftir umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, borgarlögmanns og fjármála- og áhættustýringarsviðs um erindi samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og í kjölfarið var erindið sent velferðarsviði Reykjavíkurborgar til meðferðar. Á fundi velferðarráðs þann 15. maí 2024 fór fram kynning á framangreindum tillögum samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Almennt:

Um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk gilda reglur fyrir sameiginlega akstursþjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu nr. 645/2020 auk gjaldskrár Reykjavíkur um akstursþjónustu fyrir



fatlað fólk nr. 1288/2023. Reglur þessar og gjaldskrá eru settar á grundvelli 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 auk laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Einnig er stuðst við leiðbeiningar félags- og vinnumarkráðuneytisins fyrir sveitarfélög um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 skal fatlað fólk eiga kost á akstursþjónustu sem miðar að því að það geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem það kýs og á þeim tíma sem það velur gegn viðráðanlegu gjaldi. Samkvæmt 3. mgr. 29. gr. sömu laga er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir akstursþjónustu samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórnir skulu setja og skal gjaldið vera sambærilegt gjaldi fyrir almenningssamgöngur á viðkomandi svæði.

Samkvæmt 1. gr. gildandi gjaldskrár Reykjavíkurborgar vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks skal fargjald fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks, þ.e. fyrir fasta ferð eða tilfallandi ferð miðast við hálf tilmælt gjald hjá Strætó bs. samkvæmt gjaldskrá hverju sinni. Þá miðast fargjald fyrir tilfallandi ferðir sem eru pantaðar samdægurs við fullt gjald hjá Strætó bs. samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

Í álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 11617/2022 um gjaldskrá akstursþjónustu komst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu að framangreind gjaldskrá Reykjavíkurborgar nr. 1468/2020 um akstursþjónustu hafi ekki verið í samræmi við lög um þjónustuna. Gjaldskráin tryggði ekki með fullnægjandi hætti að gjald fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks væri sambærilegt gjaldi fyrir almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu í skilningi 29. gr. laga um félagsþjónustu fatlaðs fólks nr. 40/1991. Í álit umboðsmanns kom m.a. eftirfarandi fram:

„Leggja verður til grundvallar að lögbundin akstursþjónusta fyrir fatlað fólk sé í ýmsu tilliti annars eðlis en sú þjónusta sem felst í almenningssamgöngum, m.a. m.t.t. til kostnaðar og aðgengileika. Með lokamálslið 3. mgr. 29. gr. laga nr. 40/1991 hefur löggjafinn engu að síður tekið sérstaka afstöðu til gjaldtöku fyrir þessa þjónustu og í því sambandi vísað til 20. gr. fyrrnefnds samnings Sameinuðu þjóðanna þar sem mælt er fyrir um að greitt sé fyrir því að fatlað fólk geti, í þágu sjálfstæðis síns og eftir því sem unnt er, farið allra ferða sinna með þeim hætti og á þeim tíma sem það kýs og á viðráðanlegu verði. Í þessu ljósi, svo og þess almenna markmiðs laganna að tryggja sjálfstæði fatlaðs fólks í daglegu lífi, verður að túlka ákvæðið þannig að ekki sé nægjanlegt að gjald sé miðað við gjaldskrá fyrir almenningssamgöngur ef það leiðir til þess að fatlað fólk þurfi í reynd að greiða verulega meira en aðrir fyrir það að komast ferða sinna.“

Umboðsmaður Alþingis beindi þeim tilmælum til úrskurðarnefndar velferðarmála að hún skildi taka upp málið að nýju með hliðsjón af álit sínu, kæmi fram beiðni um það, og myndi leysa úr því í samræmi við þau sjónarmið sem lýst er í álitinu. Með úrskurði úrskurðarnefndar velferðarmála í enduruppteknu máli nr. 327/2021, dags. 11. október 2023, var ákvörðun Reykjavíkurborgar, dags. 23. júní 2021, um að synja umsókn A, um tímabilskort vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks, felld úr gildi og málinu vísað til nýrrar meðferðar sveitarfélagsins.

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar borgarinnar í málefnum fatlaðs fólks, dags. 4. maí 2023, var lagt fram álit umboðsmanns Alþingis varðandi gjaldskrá Reykjavíkurborgar fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks. Aðgengis- og samráðsnefnd vísaði þeirri beiðni til velferðarráðs að gjaldskráin verði endurskoðuð með það í huga að fatlað fólk greiði ekki umtalsvert meira fyrir að komast leiðar sinnar heldur en notendur almenningssamgangna líkt og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga kveða á um, sbr. álit umboðsmanns Alþingis.

Með bréfi samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til borgarstjóra, dags. 24. apríl 2024, var óskað eftir því að tillögur að breytingum á reglum fyrir sameiginlega akstursþjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu nr. 645/2020 og tillögur að uppfærðri gjaldskrá



akstursþjónustu fatlaðs fólks yrðu teknar til efnislegrar umræðu, afgreiðslu og staðfestingar. Þá var farið fram á ótakmarkað umboð framkvæmdastjóra til undirritunar nýrrar útgáfu sameiginlegra reglna um akstursþjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu að teknu tilliti til tillagðra breytinga og nýrrar gjaldskrár. Á fundi velferðarráðs þann 15. maí 2024 fór fram kynning á framangreindum tillögum samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Lagðar voru fram eftirfarandi bókanir:

Fulltrúar Samfylkingarinnar og Framsóknar leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans vilja brýna stjórn SSH í þeim tilfellum sem jafn viðamiklar breytingar á reglum og gjaldskrá er varða hagsmuni notenda og Reykjavíkurborgar séu sendar viðeigandi ráði/nefnd til umsagnar. Hér er ósamræmi á milli tillögu á nýjum reglum og tillögu að gjaldskrá. Málið þarfnast frekari efnislegrar meðferðar velferðarráðs og er óskað eftir því að það komi aftur til ráðsins til umsagnar áður en tekin er afstaða til þess í borgarráði. Þá á eftir að taka afstöðu til þess hvort rukka eigi bæði börn fatlaðs fólks og börn með fötlun fyrir akstursþjónustu en börn á grunnskólaaldri greiða ekki fyrir akstursþjónustuna í dag. Aukinheldur er áréttað að eðlilegra sé að tillögurnar séu unnar í samvinnu við velferðarrád sveitarfélaganna sem eru aðilar að samningi við Pant í samráði við Pant í stað þess að þær komi til afgreiðslu frá Pant án samtals við velferðarrád.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins styður tillögur stjórnar akstursþjónustunnar Pant að breytingum á reglum og gjaldskrá fyrir sameiginlega akstursþjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu. Tillagan er viðbragð og til samræmis við álit umboðsmanns Alþingis sem komst að þeirri niðurstöðu að Reykjavíkurborg bæri að bjóða upp á gjaldskrá sambærilega og gjaldskrá í almenningssamgöngur. Breytingin er að fargjöld fyrir akstursþjónustu, þ.e. fyrir fasta ferð, tilfallandi ferð, tímabilskort og aðra farþega, skulu vera sambærileg og fyrir almenningssamgöngur. Eldri reglur voru ekki skýrar en þar átti að taka mið af gjaldskrá almenningssamgangna sem er hægt að túlka á ýmsan máta. Í nýrri gjaldskrá er skýrt kveðið á um að stakt fargjald fyrir akstursþjónustu verði hið sama og stakt fargjald fyrir öryrkja hjá Strætó, óháð því hvort um er að ræða ferð pantaða með löngum eða skömmum fyrirvara. Í nýjum reglum á að bjóða upp á tímabilskort (árskort) og á verð fyrir það að vera sambærilegt árskort fyrir öryrkja hjá Strætó. Jákvæð breyting á reglum er að akstur fatlaðra leikskólabarna verður gjaldfrjál. Hins vegar er slæmt að nú þurfa börn 12-16 ára að fara að greiða hálf tónungjald en höfðu áður ekki greitt fyrir akstursþjónustuna.

Skrifstofa borgarstjórnar óskaði eftir umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, borgarlögmanns og fjármála- og áhættustýringarsviðs um erindi samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og í kjölfar umsagnanna var framangreint erindi sent velferðarsviði Reykjavíkurborgar til meðferðar.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að velferðarrád samþykki tillögur að breytingum á reglum fyrir sameiginlega akstursþjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu nr. 645/2020 (sjá fylgiskjal 3) en að tillögum að frekari breytingum ásamt athugasemdum velferðarráðs af fundi ráðsins þann 15. maí 2024 verði komið á framfæri við samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þannig að þær tillögur verði hafðar til hliðsjónar þegar breyta á reglum fyrir sameiginlega akstursþjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu næst. Ekki verður séð að fyrirbyggjandi athugasemdir velferðarsviðs og velferðarráðs um framlagðar breytingar hafi veruleg áhrif þegar litið er til reglnanna í heild og er talið æskilegt að samþykkja breytingar á sameiginlegum reglum þrátt fyrir þær athugasemdir. Er það lagt til þar sem önnur sveitarfélög hafa þegar samþykkt þær breytingar og ekki er talin ástæða til að tefja þetta ferli enn frekar. Þá er mikilvægt að ný gjaldskrá fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks liggi fyrir sem allra fyrst og verður það að teljast til hagsbóta fyrir notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks.



Þá er lagt til að velferðarráð samþykki nýja gjaldskrá fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks til þess að samræma gjaldskrá Reykjavíkurborgar við gjaldskrá Strætó bs. sem taki gildi 1. janúar 2025. Þannig býðst notendum akstursþjónustu fatlaðs fólks tímabilskort og sambærileg afsláttarkjör og bjóðast öðrum samkvæmt gjaldskrá Strætó bs. Framlögð tillaga að nýrri gjaldskrá fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks er ekki sambærileg tillögu samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að fullu þar sem vikið er frá gjaldtöku fyrir börn á aldrinum 12-16 ára í tillögu að nýrri gjaldskrá velferðarsviðs Reykjavíkur fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks.

Tillögur að breytingum:

Stakt gjald og tímabilskort

Samkvæmt núgildandi gjaldskrá Reykjavíkurborgar hafa notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks almennt greitt 50% af almennu fargjaldi fyrir fullorðna. Sú fjárhæð er ekki í samræmi við gjaldskrá Strætó bs. þar sem gjald fyrir staka ferð fyrir öryrkja er einungis 30% af almennu fargjaldi fyrir fullorðna. Þá hefur notendum akstursþjónustu fatlaðs fólks ekki staðið til boða tímabilskort samkvæmt gjaldskrá Reykjavíkurborgar. Í tillögu að nýrri gjaldskrá er því lagt til að stakt gjald skuli miðast við stakt gjald fyrir öryrkja hjá Strætó bs. samkvæmt gjaldskrá Strætó bs. hverju sinni. Auk þess er lagt til að gjald vegna tímabils korta (30 daga kort eða árskort) verði það sama og gjald vegna tímabils korta fyrir öryrkja samkvæmt gjaldskrá Strætó bs. hverju sinni, þ.e. 30% af gjaldi vegna árs korts fyrir fullorðna. Ekki er talin ástæða til að bjóða 24 klst. eða 72 klst. tímabils kort eins og er í boði samkvæmt gjaldskrá Strætó bs. þar sem ekki er um að ræða sérstök afsláttarkjör fyrir öryrkja á þeim kortum.

Að lokum er einnig kveðið á um nemakort fyrir 18 ára og eldri í tillögu að nýrri gjaldskrá en það hefur staðið námsmönnum til boða sem nýta sér akstursþjónustu fatlaðs fólks en gjald vegna nemakorta er 50% af gjaldi vegna árs korts fyrir fullorðna. Í fyrirliggjandi tillögum er lagt til að gjald vegna nemakorta verði sambærilegt árs korti fyrir öryrkja, þ.e. 30% af gjaldi vegna árs korts fyrir fullorðna.

Gjald vegna barna

Fargjald vegna barna sem nýta sér akstursþjónustu fatlaðs fólks hefur ekki verið ákvarðað í gjaldskrá heldur hefur framkvæmdin verið á þá leið að fram til þessa hafa börn á leikskólaaldri greitt fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks en ekki börn á grunnskólaaldri, þ.e. börn á aldrinum 6-16 ára. Skólaakstur grunnskólabarna er gjaldfrjálst og gengið hefur verið út frá því að akstursþjónusta fyrir börn í grunnskóla skyldi einnig vera gjaldfrjálst. Ljóst er að framangreint fyrirkomulag er ekki í samræmi við gjaldskrá Strætó bs. og til þess að gjaldtaka vegna barna fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks sé sambærileg gjaldskrá Strætó bs. eru lagðar til breytingar á gjaldtöku fyrir börn.

Samkvæmt gjaldskrá Strætó bs. ferðast börn 11 ára og yngri gjaldfrjálst með Strætó bs. en börn 12 ára og eldri greiða 50% af almennu fargjaldi. Engar sérreglur gilda um fötluð börn. Í tillögum samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er lagt til að fötluð börn á aldrinum 12-17 ára eigi kost á að greiða gjald sambærilegt öryrkjagjaldi fyrir þær ferðir sem falla utan skólaaksturs. Í tillögu að nýrri gjaldskrá velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks er lagt til að akstur fatlaðra leikskólabarna verði gjaldfrjálst og er það í samræmi við gjaldskrá Strætó bs. Þá er lagt til að akstur fatlaðra barna, 6-16 ára verði áfram gjaldfrjálst til að styðja við fötluð börn og fjölskyldur þeirra og í ljósi þess að um venjuhelgaða stjórnsýsluframkvæmd er að ræða. Kostnaður vegna þessa er óverulegur.

Með framangreindum breytingum er verið að tryggja að gjald vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks sé sambærilegt gjaldi fyrir almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu í skilningi 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.



Kostnaðarmat:

Samkvæmt umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs er kostnaður Reykjavíkurborgar vegna breytinganna áætlaður um 52 m.kr. Ekki hefur verið gert ráð fyrir þessum kostnaði í drögum að fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 en lagt er til að ný gjaldskrá um akstursþjónustu fatlaðs fólks taki gildi 1. janúar 2025. Þá segir í umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs:

Fjármála- og áhættustýringarsvið bendir á að nokkur óvissa er um endanlegan kostnað vegna forsendna um fjölda seldra stakra ferða og árskort eftir breytingu. Þá er vakin athygli á að ekki er gert ráð fyrir þessum kostnaðarauka í fjárhagsáætlun 2024 og því er lagt til að leitað sé leiða til að mæta kostnaðarauka sveitarfélaga. Að öðrum kosti þarf að skoða breytta forgangsröðun fjárheimilda